



Gumpa og Haki heimsækja Grjóta frænda.

Í Esjunni þar sem tröllin Gumpa og Haki búa stendur mikið til. Þau hafa nefnilega ákveðið að fara í heimsókn til frænda þeirra, sem heitir Grjóti, og býr í Dimmadal í Dyrfjöllum. Til þessa að komast þangað ákváðu þau að ganga meðfram hringveginum um Ísland sem nefnist Þjóðvegur 1. Þannig voru þau viss um að rata austur á firði. Þau byrjuðu að leita að bakpokanum sínum til að geta pakkað saman fötum til að taka með sér. Bakpokinn þeirra sem var frekar stór fannst bara ekki. Hvar gat hann verið? Þau leituðu og leituðu. Þau leituð inni í eldhúsi, undir pottum ♪ og pönnum ♪ þau veltu við steinum ♪ og þau lyftu björgum ♪ en allt kom fyrir ekki. Þau fundu bara ekki pokann. Nú voru góð ráð dýr. *Hvað gerum við núna?* spurði Gumpa. Tröllinn settust á gólfið og fóru að hugsa. *Hvað getum við gert? Við verðum að hafa föt til skiptanna er það ekki?* spurði Haki. Gumpa stóð á fætur og fór að ganga um gólf ♪. Hún gekk hring eftir hring og í hvert skipti sem hún setti stóra fótinn sinn á gólfið heyrðist mikill hávaði ♪ Allt í hellinum þeirra titrað og skalf ♪.

Allt í einu kallaði hún: *Ég veit. Við klæðum okkur bara í öll fötin okkar. Já* kallaði Haki og stóð á fætur. *Það er góð hugmynd.* Tröllin týndu nú til öll fötin sín og settu á gólfið. Þetta voru tvennar buxur sem Haki átti, þrír kjólar sem Gumpa átti og eitt belti sem var langt og mjótt og eitt snæri sem þurfi að ná utan um Gumpu. Tröllin tóku nú til við að klæða sig í fötin sín með tilheyrandi látum ♪. Þegar þau voru komin í öll fötin stóðu þau brosandí og glöð og horfðu á hvort annað. *Snúðu þér við* sagði Gumpa. *Má ég sjá þig aftan frá?* Haki snéri sér í hring og Gumpa skellihló ♪. *Nú þú* sagði Haki og Gumpa snéri sér við og þau skellihlógu ♪. Þau hlógu svo hátt ♪ að það kvein í fjöllunum ♪ og mannfólkið skildi ekkert í þessu furðulega hljóði ♪. Þau hreinlega veltumst um af hlátri þannig að litlir steinar fóru að velta niður hlíðina ♪, fyrst bara nokkrir í einu en svo stærri og stærri steinar með miklum látum ♪. Sem betur fór enduðu þeir allir í dalnum sem var beint fyrir neðan hellinn sem Haki og Gumpa bjuggu í.

Jæja sagði Haki. *Nú erum við tilbúin og við getum farið að leggja af stað.* Þau örkuðu niður hlíðina í átt að Þjóðveginum og byrjuðu ferðalagið. Þegar þau höfðu gengið í smá stund komu þau að bílagöngum sem voru allt of lítil fyrir þau til að ganga í gegnum. *Hvað gerum við nú?* spurði Haki. *Við verðum bara að ganga* *Hvalfjörðinn* sagði Gumpa. *Hvalfjörðinn?* hrópaði



Haki. *Ég er hræddur við hvali, sagði hann. Þú þarft ekki að vera hræddur við hvali. Þeir eru vinir okkar sagði Gumpa. Þeir eru stórir eins og við og búa í sjónum sagði Gumpa. Þeir er mjóir og langir og geta líka verið breiðir og stuttir sagði Gumpa. Allt í lagi sagði Haki. Förum og heilsum upp á hvalina í Hvalfirði. Þau örkuðu af stað með miklum látum ♪. Þegar þau voru kominn innst í botninn sáu þau fyrstu hvalina. Þetta var búrhvals fjölskylda. Þau er svo stór og hávær ♪ sagði Haki. Já sagði Gumpa. Það heyrst hátt í þeim þegar þú slengja sporðinum sínum á sjóinn ♪. Þabbinn sem er kallaður tarfur getur náð 15-20 metra lengd og mamman sem er kölluð kýr getur verið 11-13 metrar á lengd. Þau eru þrisvar sinnum stærri en við. Gumpa og Haki settust í hlíðina og horfðu út á hafið. Þau sáu marga hvali og fullt af fuglum. Gargið í mávinum ♪ heyrðist hæst. Þau heyrðu líka í lóu ♪ og spóa ♪ og í nokkrum krummapörum ♪.*

Eftir nokkra stund ákváðu þau að halda áfram. Þau gengu og gengu þar til þau komu að Breiðafirði. *Vá hvað eru eiginlega margar eyjar hérna spurði Haki? Þær eru nær óteljandi sagði Gumpa en við getum prófað að telja þær sagði hún. 1, 2, 3, 2700. Þetta eru 2700 - 2800 eyjar sagði Gumpa þegar þau gátu ekki talið lengur. Nú hættum við að telja og höldum áfram sagði Gumpa. Rétt áður en þau hættu sáu þau sel sem gólaði hátt ♪. Sjáðu sagði Gumpa. Hann er að veifa okkur. Bless, bless sögðu tröllinn og héldu af stað. Þau gengu lengi, lengi og ákváðu að stytta sér leið með því að ganga þvert yfir Ísland. Á Arnarvatnsheiði sáu þau endalaust af litlum vötnum. Hér er mjög mikið af fallegum vötnum sagði Haki. Eigum við að telja þau? Já gerum það sagði Gumpa og þau byrjuðu að telja. 1, 2, 3, eftir dágóða stund sagði Haki: Þau er óteljandi. Getum við bara talið þau sem eru kringlótt? Gerum það sagði Gumpa og þau byrjuð að telja. En ef við teljum bara þau sem eru aflöng eða djúp og grunn. Getum við þá talið þau? spurði Haki. Prófum það sagði Gumpa. Eftir langa stund gáfust þau upp. Ég held að þau séu óteljandi sagði Gumpa. Rétt í því heyrðu þau í litlu lambi sem jarmaði hátt ♪. Þau sáu lítið lamb fast í holu. Það hafði dottið ofan í hana og komst ekki upp. Ertu föst litla mín? spurði Gumpa. Ertu búin að týna mömmu þinni? Lambið jarmaði enn þá hærra ♪. Litla skinnið við skulum hjálpa þér sagði Haki. Þau tóku litla lambið í fangið og byrjuð að skima eftir mömmunni. Lambið jarmaði og jarmaði ♪ og tröllin reyndu að fylgjast með öllum hreyfingum á Arnarsvatnsheiðinni. Allt í einu heyrðu þau jarm ♪ langt í burt. Þau gengu á hljóðið og sáu ána vera að leita. Tröllin lögðu lambið blíðlega frá sér og það hljóp til mömmu sinnar sem tók fagnandi á móti því ♪.*



Tröllin héldu enn og aftur af stað fram hjá Eiríksjökli sem er lítill kringlóttur jökull og Langjökli sem er stór og ílangur. Í fjarska sáu þau Vatnajökul sem er lang stærstur. Þau ákváðu að hvíla sig í Mývatnssveitinni. *Af hverju er svona mikið af flugum hérna?* spurði Haki. *Ég hef aldrei séð svona mikið af flugum. Þetta eru mýflugur* sagði Gumpa. *Þær eru nauðsynlegar fyrir lífríkið í Mývatni. Endurnar og fiskurinn sem lifir í vatninu étur flugurnar.* Þau settust við vatnið og fylgdust með fiskum stökkva upp úr vatninu ♪ til að ná sér í flugu. Þau heyrðu í öndum kvaka ♪ og kindum jarma ♪ hestum hneggja ♪ og kúm baula ♪. Það er notalegt að sitja hérna við vatnið en við verðum að halda áfram. Þau stóðu upp og tóku stefnuna á Dyrfjöll. Eftir tveggja daga göngu komu þau loks að Dyrfjöllum. Þau settust niður við Stóruð og hoppuðu ofan í vatnið ♪ til að baða sig. Þau busluðu ♪ og busluðu ♪ og voru með mikil læti. Þegar þau voru orðin hrein og fín fóru þau gegnum dyrnar á Dyrfjöllum ofan í Jökuldal og inn í Dimmadal þar sem Grjóti frændi þeirra átti heima. Þau börðu á bergið ♪ til að láta vita af komu sinni en ekkert gerðist. Þau börðu aftur hærra ♪ og enn aftur enn þá hærra ♪. Ekkert gerðist. *Hvað gerum við núna?* spurði Haki? *Hann er örugglega sofandi og við þurfum bara að vekja hann* sagði Gumpa. *Hvernig gerum við það?* spurði Haki. *Við köllum Grjóti frændi vaknaðu þrisvar sinnum mjög hátt og klöppum höndunum saman á milli. Gerum það* sagði Haki. Tröllin tóku sér stöðu fyrir framan bergvegginn og kölluðu „Grjóti frændi vaknaðu“ klapp ♪ „Grjóti frændi vaknaðu“ klapp ♪ „Grjóti frændi vaknaðu“ klapp ♪. Allt í einu heyrðist mikill hávaði ♪ þegar bergið opnaðist og Grjóti frændi steig út. *Hvað er eiginlega í gangi?* spurði hann. *Þetta eru bara við kæri frændi. Haki og Gumpa. Hvað eru þið komin alla þessa leið til að heimsækja mig? Mikið er það nú gaman* sagði hann. Það urðu fagnaðarfundir hjá tröllunum þegar þau löbbuðu inn í bergið þannig að jörðin skalf og titraði með ♪ tilheyrandi hljóðum.